

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um störf þingmanna á vegum framkvæmdarvaldsins.

1. Hvaða þingmenn hafa setið í nefndum, ráðum, framkvæmdahópum eða öðrum hópum á vegum ráðuneytisins ár hvert frá árinu 2006?

Á þeim tíma sem um er spurt hafa orðið umfangsmiklar breytingar á verkefnum ráðuneytisins. Af þeim fjölmörgu nefndum sem starfað hafa að verkefnum sem nú eru á ábyrgðarsviði ráðherra eru einungis örfáar þar sem þingmenn hafa verið skipaðir. Hér fyrir neðan er listi yfir alþingismenn sem skipaðir hafa verið af ráðherra og hvers eðlis þær skipanir eru. Sumar þessara nefnda eru verkefnahópar, aðrar starfa samkvæmt lögum.

Heiti nefndar/verkefnis, þingmaður	Upphaf nefndarvinnu	Launuð nefnd	Afurð
Samráðsnefnd um afnám hafta	2014	Nei	Greinargerð
Árni Páll Arnason			
Ásta Guðrún Helgadóttir			
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir			
Frosti Sigurjónsson			
Helgi Hrafn Gunnarsson			
Guðmundur Steingrímsson			
Katrín Júlíusdóttir			
Jón Þór Ólafsson			
Steingrímur J. Sigfússon			
Vilhjálmur Bjarnason			
Starfshópur um endurskoðun á sköttum og tekjuöflun ríkisins	2010	Nei	Áfangaskýrsla
Helgi Hjörvar			
Nefnd um mótun heildstæðrar stefnu um framtíðarfyrirkomulag skattlagningar í sjávarútvegi	2011	Nei	Álitsgerð: Skattlagning í sjávarútvegi
Helgi Hjörvar			
Samráðsnefnd um breytingar og umbætur á skattkerfinu	2010	Nei	Áfangaskýrsla
Lilja Mósesdóttir			
Þórunn Sveinbjarnardóttir			
Árni Þór Sigurðsson			
Siv Friðleifsdóttir			
Ragnheiður Elin Árnadóttir			
Birgitta Jónsdóttir			
Starfshópur um launamun á opinberum vinnumarkaði	2007	Já	
Steinunn Valdís Óskarsdóttir			
Viðræðunefnd við lífeyrissjóði um fjármögnun framkvæmda	2009	Nei	
Skúli Helgason			
Fastanefnd á sviði verðbréfavíðskipta og -sjóða	2013	Nei	Fastanefnd
Vilhjálmur Bjarnason			
Nefnd um endurskoðun eða afnám laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	2003 og 2012	Nei	
Ógmundur Jónasson			
Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir		Nei	Fastanefnd

Einar Oddur Kristjánsson	2004		
Gunnar Svavarsson	2007		
Haraldur Benediktsson	2013		
Guðlaugur Þór Þórðarson	2014		
Stjórn Fasteignamats ríkisins	2007	Já	Fastanefnd
Kristján Þór Júlíusson			

2. *Hverjar þessara nefnda voru launaðar og hver voru árleg laun hvers þingmanns?*

Almenna reglan er sú að alþingismenn þiggja ekki greiðslur fyrir störf sín í nefndum á vegum Stjórnarráðsins, enda gert ráð fyrir að nefndarsetan tengist starfi þeirra. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir var launuð á tímabilinu 2006–2009. Frá árinu 2009 hafa ekki verið greidd laun fyrir setu í þeirri nefnd.

Hér á eftir er listi yfir greiðslur til fyrrgreindra þingmanna eftir árum og verkefnum.

Þingmaður	Heiti nefndar	2006	2007	2008	2009
Ólöf Nordal	Starfshópur um launamun á opinberum vinnumarkaði			93.744	
Kristján Þór Júlíusson	Stjórn Fasteignamats ríkisins		212.940	389.560	133.920
Steinunn Valdís Óskarsdóttir	Starfshópur um launamun á opinberum vinnumarkaði			58.590	
Einar Oddur Kristjánsson	Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir	591.568	149.060		
Gunnar Svavarsson	Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir		212.940	389.560	133.920

3. *Hvað má ætla að þingmenn hafi lagt mikla vinnu í tímum talið í störf fyrir nefndina ár hvert?*

Ráðuneytið hefur engar upplýsingar um þetta efni.

4. *Hafa þingmenn fengið laun fyrir aðra vinnu á vegum ráðuneytisins? Ef svo er, fyrir hvað og hvenær?*

Nei.

5. *Hafa þingmenn unnið ólaunaða vinnu við verkefni eða nefndastörf á vegum ráðuneytisins frá árinu 2006, og ef svo er, hvaða?*

Þær nefndir sem taldar eru upp í 1. lið voru allar ólaunaðar utan þær sem taldar eru upp í 2. lið.

6. *Hafa þingmenn fengið laun sem verktakar frá ráðuneytinu frá árinu 2006 og ef svo er, fyrir hvaða verkefni og hver var fjárhæð umbunar fyrir það?*

Nei.

7. *Hvaða „afurð“ skilaði hver nefnd sem þingmaður átti sæti í af sér í lok starfstíma nefndarinnar og hvert var henni skilað?*

Þær nefndir sem þingmenn hafa setið í eru mismunandi og í töflu 1 hér að framan er greint frá helstu niðurstöðum.

8. *Hvaða reglur hefur ráðuneytið sett um setu þingmanna í nefndum á vegum ráðuneytisins?*

Engar reglur hafa verið settar í ráðuneytinu um setu þingmanna í nefndum á vegum þess.